



# Dalapósturinn

10. tölublað, 6. árgangur  
19. desember 2013

## Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar verður lokuð á aðfangadag 24. desember, föstudaginn 27. desember og gamlársdag 31. desember.

*Sveitarstjórn Dalabyggðar*

*óskar íbúum Dalabyggðar gleðilegra jóla*

*og*

*farsæls komandi árs.*



## Húsaleigubætur

Leigjendur geta átt rétt á húsaleigubótum skv. lögum nr. 138/1997 um húsaleigubætur.

Umsóknir um húsaleigubætur þurfa að berast skrifstofu Dalabyggðar **fyrir 16. janúar 2014**. Berist umsókn síðar verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánuðar.

Upplýsingar um húsaleigubætur og umsóknarblöð eru á heimasíðu Dalabyggðar og á skrifstofu sveitarfélagsins.

Með umsókn skulu fylgja

- frumrit þinglýsts húsaleigusamnings
- íbúavottorð frá þjóðskrá
- staðfest afrit skattframtal síðasta árs
- launaseðlar þeirra er búa í íbúðinni fyrir síðustu þrjá mánuði eða upplýsingar um reiknað endurgjald.
- staðfesting skóla um nám barna umsækjenda 20 ára og eldri.

## Íbúagátt Dalabyggðar

Í íbúagátt Dalabyggðar má sjá álagningu fasteignagjalda og útgefna reikninga. Eldri borgarar og þeir sem þess óska fá áfram senda reikninga og álagningaseðla fasteignagjalda með bréfpósti. Íslykill er hluti af innskráningarþjónustu Island.is og við veflykli ríkisskattstjóra við innskráningu. Íslykill er kennitala og lykilorð gefið út af Þjóðskrá. Einnig er hægt að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum.

Hægt er að hafa samband við skrifstofu Dalabyggðar varðandi hjálp við innskráningu eða spurningar varðandi íbúagáttina.

Tengill er inn á íbúagátt af heimasíðu Dalabyggðar.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur